



Keflavík íþróttar- og ungmennafélag

609. stjórnarfundur þriðjudaginn 17. október 2023 kl. 17:00

Mættir: Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Björg Hafsteinsdóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarson. Fjarverandi: Einar Haraldsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Erindi frá knattspyrnudeild um afnot af Hringbraut 108 frá 15. desember 2023 – 15. janúar 2024 fyrir flugeldasölu. Samþykkt.

Erindi frá Andra Frey Ríkharðssyni, kynning á þýðingarstofnun Diction.

Erindi frá knattspyrnudeild með ósk um fyrirframgreiðslu.

Erindi frá UMFÍ. Framboð til stjórnar UMFÍ.

Erindi frá UMFÍ. Seinna þingboð 53. sambandsþing UMFÍ.

Erindi frá ÍSÍ. Veffréttir.

Erindi frá Andra Erni, kynning á tölvuþjónustu.

Fundargerðir frá unglingaráði Knattspyrnudeildar.

3. Send bréf

Umsókn í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ (Íþróttastjóri sendi inn umsókn).

Ýmsir tölvupóstar sendir á deildir félagsins.

4. Þing UMFÍ

53. Sambandsþing UMFÍ verður haldið á Geysi í Haukadal. Sjö þingfulltrúar fara frá Keflavík.

5. Nýtt starf hjá Keflavík

Sex umsóknir bárust um stöðu fjármálastjóra/skrifstofustjóra. Ákveðið hefur verið hver verður ráðinn. Farið var yfir drög að ráðningarsamningi. Viðkomandi getur byrjað 1. nóvember.

6. Önnur mál

A. Búið er að steypa upp í hurðargat í þreksal. Birgir Már Bragson hefur tekið að sér að mála salinn. Ákveðið var að fjárfesta í speglum og upplýstu K merki.

B. Leki í Nettó Höll. Málið er hjá Reykjanesbæ. Farið var yfir verkefnalista vegna samnings. Framkvæmdastjóra falið að ræða við fótboltann um verkefnalistann og hlera hvernig þetta er að fara af stað.

C. Úttekt á íþróttahúsinu við Sunnubraut vegna körfunnar.

D. Samningur við Krakkakrútt staðfestur.

E. Formaður Keflavíkur íþróttar- og ungmennafélags hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér á næsta aðalfundi.

F. Formaður boðaði til fundar með ungmennafélögunum á Suðurnesjum laugardaginn 14. okt á Hótel Keflavík. Mæting var nokkuð góð, 4 frá Keflavík og Þrótti Vogum, 3 frá UMFN og UMFG.

G. Fundartími ræddur. Ákveðið að funda annan hvern þriðjudag en aðlaga hann þó að leikjum Keflavíkur.

H. Umræða um hugsanlega breytingu á afhendingu viðurkenninga vegna íþróttakonu og íþróttakarls Keflavíkur.



Keflavík íþróttar- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Fundi slitið kl. 19:35

Næsti fundur verður þriðjudaginn 1. nóvember kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk